

Með því fyrsta sem stjórnin gerði var að skipuleggja bústaðarferð þar sem við eyddum helgi saman, hristum upp í hópnum, fórum yfir síðasta ár og plönuðum framhaldið.

Í vor tókum við meðal annars saman upplýsingar um sundlaugar með kynlausum klefum og fórum á fund með formanni ÍTR vegna þessa. Uppástunga inni á Betri Reykjavík um kynlaus klósett vakti mikla athygli og kynsegin dagurinn heppnaðist vel. Við gerðum tilraunir með að halda meðlimafundi utan Suðurgötunnar og keyptum lénið transisland.is og netfangið stjorn@transisland.is. Auk þess ákváðum við að byrja á binder donation program, sem hefur hægt og rólega farið af stað yfir árið.

Í sumar vorum við einn af styrktaraðilum fyrir kynlausar sumbúðir sem gengu vonum fram. Auk þess héldum við árlega grillpartýið okkar á Klambratúni og tókum þátt í gleðigöngunni með atriði með alvarlegu pólitísku þema. Fox Fisher kom í heimsókn og var með námskeið um myndbandagerð og hjálpaði okkur að búa til nýtt myndband um reynslu trans fólks af heilbrigðiskerfinu á Íslandi, sem varð mjög vinsælt.

Í haust fór Alda til Möltu á ráðstefnu á vegum IGLYO þar sem Trans Ísland var samþykkt sem eitt af hagsmunafélögum IGLYO. Á minningardegi trans fólks vorum við með fallegan viðburð í Ráðhúsi Reykjavíkur og svo móttöku á Suðurgötunni þar sem við buðum upp á kakó fyrir trans fólk og vini og vandamenn okkar.

Í vetur byrjuðum við vinnu á dagatali Trans Íslands fyrir 2017, en sú vinna gekk vonum fram og við náðum að selja nógu mikið af því til að standa undir kostnaði! Stjórnin fór á fund með trans teymi Landspítalans sem gekk vel og stefnan var tekin á betra og nánara samstarf.

Yfir árið vorum við dugleg að selja eintök af bókinni sem við þýddum á síðasta starfsári fyrir Sophie Labelle, Skólaverkefnið. Við vorum með fræðslu á ýmsum stöðum, m.a. fyrir Stelpur Rokka, kennara í Menntaskólanum við Hamrahlíð, Háskóla Íslands og fleiri staði. Við erum í samstarfi við ýmsa aðra hópa við undirbúning ráðstefnu um skörun milli jaðarhópa sem verður haldin í mars og erum m.a. með styrki til að vinna að fræðslubæklingi og landsþingi trans fólks. Það urðu þónokkrar breytingar í stjórn á árinu, en Ugly og Sandra létu af störfum en í stað þeirra komu Svanhvít og Halla inn.